# Föstudagur 5. maí



## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Gosi (19)** (Pinocchio). Teiknimyndaflokkur um ævintýri Gosa. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir. Leikraddir Örn Árnason.
18.15 **Kátir krakkar (11)** (The Vid Kids). Kanadískur myndaflokkur í þrettán þáttum. Þýðandi Reynir Harðarson.
18.45 **Táknmálsfréttir.**
18.50 **Austurbæingar** (Eastenders). Breskur myndaflokkur í léttum dúr. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
19.20 **Benny Hill.** Breskur gamanmyndaflokkur með hinum óviðjafnanlega Benny Hill og félögum. Þýðandi Stefán Jökulsson.
19.54 **Ævintýri Tinna.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Annir og appelsínur.** Þáttur frá Fjölbrautarskólanum á Sauðárkróki. Áður á dagskrá 4. desember 1987.
21.00 **Derrick.** Þýskur sakamálaflokkur með Derrick lögregluforingja sem Horst Tappert leikur. Þýðandi Kristrún Þórðardóttir.
22.05 **Afmæli Evrópuráðsins.** Þáttur í umsjón Ólafs Sigurðssonar í tilefni 40 ára afmælis Evrópuráðsins en í dag er Evrópudagurinn.
22.25 **Banvæn ást** (Dressed to Kill). Bandarísk bíómynd frá 1980. Leikstjóri Brian De Palma. Aðalhlutverk Michael Caine, Angie Dickinson, Nancy Allen og Keith Gordon. Símavændiskona verður vitni að morði og er hundelt af sálsjúkum morðingja. Muyndin er alls ekki við hæfi barna! Þýðandi Kristrún Þórðardóttir.
00.10 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

16.45 **Santa Barbara.**
17.30 **Gamla borgin.** In Old Chicago. Myndin fjallar um tvo ólíka bræður sem leggja allt missætti á hilluna og berjast sameiginlega gegn eldhafinu mikla er lagði stóran hluta Chicagoborgar í rúst. Aðalhlutverk: Tyrone Power, Don Ameche og Alice Brady.
19.00 **Myndrokk.**
19.19 **19:19.** Frétta- og fréttaskýringaþáttur ásamt umfjöllun um þau málefni sem ofarlega eru á baugi.
20.00 **Teiknimynd.** Fjörug teiknimynd.
20.10 **Ljáðu mér eyra...** Pia Hansson kynnir ný og gömul tónlistarmyndbönd og segir sögur úr skemmtanalífinu. Dagskrárgerð: María Maríusdóttir. Stöð 2.
20.40 **Bernskubrek.** The Wonder Years. Gamanmyndaflokkur fyrir alla fjölskylduna. Aðalhlutverk: Fred Savage, Danica McKellar o.fl.
21.10 **Línudansinn.** All That Jazz. Joe Gideon er vel metinn leikstjóri en haldinn fullkomnunaráráttu sem að lokum ber hann ofurliði. Líf hans snýst um stöðugar æfingar og hann hefur lítinn tíma aflögu fyrir dóttur sína og unnustu. Joe er undir miklu álagi vegna sýningar sem hann er að færa upp á Broadway en meðal þátttakenda í henni er fyrrverandi eiginkona hans. Óheilbrigt líferni verður þess valdandi að dag einn dettur hann niður með hjartaáfall. Aðalhlutverk: Roy Scheider, Jessica Lange, Ann Rajnking og Leland Palmer. Ekki við hæfi barna.
23.15 **Bjartasta vonin.** Breskur gamanmyndaflokkur um ungan og efnilegan þingmann.
23.40 **Í strákageri.** Where the Boys Are. Fjórar frískar stúlkur leggja leið sína til Flórída á vit ævintýranna. Takmark þeirra er að krækja sér í karlmann sem ýmist á að vera ríkur, greindur, hinn eini sanni eða ástríðufullur elskhugi. Allar fá þær drauma sína uppfyllta en afleiðingarnar eru heldur í skondnari kantinum.
1.15 **Ógnir götunnar.** Panic in the Streets. Myndin gerist á götum New Orleans og dregur upp raunhæft yfirbragð borgarinnar á fimmta áratugnum. Aðalhlutverk: Richard Widmark, Jack Palance og Paul Douglas. Leikstjóri: Elia Kazan.
2.50 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.05 **Í dagsins önn** – Álit stjórnmálamanna á grunnskólanum. Umsjón: Ásgeir Friðgeirsson.
13.35 **Miðdegissagan:** „Brotið úr töfraspeglinum" eftir Sigrid Undset. Arnheiður Sigurðardóttir þýddi. Þórunn Magnea Magnúsdóttir les (8.)
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Ljúflingslög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt miðvikudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **„Vísindin efla alla dáð".** Fyrsti þáttur af sex um háskólamenntun á Íslandi. (Endurtekinn frá miðvikudagskvöldi.)
15.45 **Þingfréttir.**
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.** Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Símatími. Síminn í símatíma Barnaútvarpsins er 91 38500. Umsjón: Kristín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi.**
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Þingmál.** Umsjón: Atli Rúnar Halldórsson. (Einnig útvarpað næsta morgun kl. 9.45.) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.**
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.33 **Kviksjá.** Umsjón: Friðrik Rafnsson og Halldóra Friðjónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn** – „Sumar í sveit". Eftir Jennu og Hreiðar Stefánsson, Þórunn Hjartardóttir les fimmta lestur. (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Hljómplöturabb** Þorsteins Hannessonar.
21.00 **Norðlensk vaka.** Annar þáttur af sex um menningu í dreifðum byggðum á Norðurlandi og það sem menn gera sér þar til skemmtunar á eigin vegum. Umsjón: Haukur Ágústsson. (Frá Akureyri)
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Danslög.**
23.00 **Í kvöldkyrru.** Þáttur í umsjá Jónasar Jónassonar.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Tónlistarmaður vikunnar** – Guðmundur Emilsson hljómsveitarstjóri. Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Endurtekinn Samhljómsþáttur frá miðvikudagsmorgni.)
01.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

## Rás 2 FM 90,1

12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.15 **Heimsblöðin.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** Gestur Einar Jónasson leikur þrautreynda gullaldartónlist og gefur gaum að smáblómum í mannlífsreitnum.
14.05 **Milli mála,** Óskar Páll á útkíkki og leikur ný og fín lög. – Útkíkkið upp úr kl. 14 og Arthúr Björgvin Bollason talar frá Bæjarlandi. – Centaur og gestir þeirra á Saumastofutónleikum í beinni útsendingu. – Kvartett Stefáns S. Stefánssonar í beinni útsendingu úr Saumastofunni.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp fyrir þá sem vilja vita og vera með. Stefán Jón Hafstein, Ævar Kjartansson og Sigríður Einarsdóttir. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00, hlustendaþjónustan kl. 16.45. – Stórmál dagsins milli kl. 17 og 18.
18.03 **Þjóðarsálin.** Þjóðfundur í beinni útsendingu. Málin eins og þau horfa við landslýð. Sími þjóðarsálarinnar er 91 38500. – Hugmyndir um helgarmatinn og Ódáinsvallasögur eftir kl. 18.30.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.33 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Vinsældalisti Rásar 2.** Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir kynnir tíu vinsælustu lögin. (Einnig útvarpað á sunnudag kl. 15.00.)
21.30 **Kvöldtónar.**
22.07 **Snúningur.** Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
02.05 **Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Endurtekinn þáttur frá mánudagskvöldi.)
03.00 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Fréttir kl. 4.00 og sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
8.07 – 8.30 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Austurlands.**



Í strákageri gerist ýmislegt sem stúlkurnar fjórar höfðu ekki reiknað með.

### Stöð 2 kl. 23.40:

# Í strákageri

Í strákageri (Where the Boys Are) er mynd um fjórar hressar stelpur sem fara í skólafrí til Fort Lauderdale í Flórída til að stunda áhugamál sín, sólböð og stráka. Allar hafa þær sínar leyndu óskir sem þær fá uppfylltar þó ekki sé í sama mæli og þær hugsuðu.

Í strákageri er létt gamanmynd sem ætti að hressa upp á unglingana. Stelpurnar eru fallegar, strákarnir myndarlegir, ströndin í Fort Lauderdale freistandi. Og í myndinni er passlegur skammtur af rómantík sem er blandað saman við gamansemi og örlitla spennu.

-HK

## Bylgjan FM 98,9

10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Valdís er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalögin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu.
18.10 **Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér?** Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dyranna eins og þeir eru klæddir þá stundina. **Ómar Valdimarsson** stýrir umræðunum.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Ólafur Már Björnsson.** Kynnt undir helgarstemningunni í vikulokin.
22.00 **Haraldur Gíslason.** Harðsnúni Halli kann „helgartökin" á tónlistinni. Óskalög og kveðjur í símum 68 19 00 og 61 11 11.
2.00 **Næturdagskrá.**
**Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

10.00 **Jón Axel Olafsson.** Leikir, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum. Jón Axel leikur nýjustu lögin og kemur kveðjum og óskalögum hlustenda til skila.
14.00 **Gunnlaugur Helgason.** Leikur hressa og skemmtilega tónlist við vinnuna. Gunnlaugur tekur hress viðtöl við hlustendur, leikur kveðjur og óskalög í bland við ýmsan fróðleik.
18.10 **Íslenskir tónar.** Þessi geysivinsæli dagskrárliður hefur verið endurvakinn vegna fjölda áskorana. Gömul og góð íslensk lög leikin ókynnt í eina klukkustund.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Ólafur Már Björnsson.** Kynt undir helgarstemningunni í vikulokin.
22.00 **Haraldur Gíslason.** Harðsnúni Halli kann „helgartökin" á tónlistinni. Óskalög og kveðjur í símum 68 19 00 og 61 11 11.
2.00 **Næturstjörnur.**
**Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.**

## Rót Útvarp FM 106,8

13.00 **Geðsveiflan.** Tónlistarþáttur í umsjá Hilmars V. Guðmundssonar og Alfreðs Jóhannssonar.
15.00 **Á föstudegi.** Grétar Miller leikur fjölbreytta tónlist og fjallar um íþróttir.
16.30 **Frá verkfallsvakt BHMR.** Þessi þáttur verður meðan verkfallið stendur.
17.00 **Í hreinskilni sagt. Pétur Guðjónsson.**
**18.00 Samtökin '78** E.
19.00 **Opið.**
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur í umsjá Gullu.
21.00 **Gott bít.** Tónlistarþáttur með Kidda í Gramminu.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
2.00 **Næturvakt** til morguns með Jónu de Groot. Svarað í síma 623666.

## Útrás FM 104,8

12.00 **IR.**
14.00 **IR.**
16.00 **MH.**
18.00 **FÁ.**
20.00 **MS.**
22.00 **MR.**
24.00 **Næturvakt Útrásar.** Óskalög, kveðjur og góð tónlist. Sími 680288.
04.00 **Dagskrárlok.**

## Alfa FM·102,9

17.00 **Orð trúarinnar.** Blandaður þáttur með tónlist, u.þ.b. hálftímakennslu úr Orðinu og e.t.v. spjalli eða viðtölum. Umsjón: Halldór Lárusson og Jón Þór Eyjólfsson. (Endurtekið á mánudagskvöldum.)
19.00 **Blessandi boðskapur í margvíslegum tónum.**
24.00 **Dagskrárlok.**

## Útvarp Hafnarfjörður FM91.7

18.00–19.00 **Hafnarfjörður í helgarbyrjun.** Leikin létt tónlist og sagt frá menningar- og félagslífi á komandi helgi.




ÞURRKUBLÖÐIN VERÐA AÐ VERA ÓSKEMMD
og þau þarf að hreinsa reglulega. Slitin þurrkublöð margfalda áhættu í umferðinni.
UMFERÐAR RÁÐ




Roy Scheider leikur aðalhlutverkið Joe Gideon sem Bob Fosse byggir á sjálfum sér.

### Stöð 2 kl. 21.10:

# Línudans

Línudans (All That jazz) vakti mikla athygli þegar hún kom fyrir sjónir kvikmyndaáhorfenda fyrir tæpum tíu árum. Bob Fosse var þá á hátindi ferils síns. Átti að baki myndirnir Cabaret og Lenny. Og á Broadway var nýjasti smellur hans, Dancing, vinsælasta sýningin.

Línudans er að mörgu leyti sjálfsævisöguleg kvikmynd. Roy Scheider leikur Joe Gideon, dans- og leikstjórnanda sem yfirkeyrir sig á vinnu. Hann fær hjartaslag og meðan hann er í dái endurlifir hann kafla í lífi sínu og ræðir samvisku sína við persónu sem táknar dauðann.

Línudans er geysivel gerð kvikmynd og er mögnuð meðferð Fosse á söguþræðinum sem er í senn bæði raunsær og absúrd. Lokaatriði myndarinnar er ein af eftirminnilegustu kóreógrafíum sem kvikmyndaðar hafa verið.

Línudans er mynd fyrir alla þá sem vilja vandaða og metnaðarfulla kvikmynd, snilldarverk sem á eftir að lifa um langa framtíð.

-HK

### Rás 2

# Spáðu í Sviss

Annað kvöld kemur í ljós í hvaða jarðveg lag Valgeirs Gujónssonar, Það sem enginn sér, fellur hjá þeim grönnum okkar evrópskum sem valist hafa til að dæma um ágæti laganna í Söngvakeppni sjónvarpsstöðva sem fram fer annað kvöld í Lausanne í Sviss og verður útvarpað og sjónvarpað frá samtímis.

Í tilefni af keppninni mun rás 2 standa fyrir getraun. Hlustendum gefst kostur á að hringja í rásina til sjö í kvöld og spá í úrslitin, höldum við sextánda sætinu?

Í tilefni dagsins munu íslenskir tónlistarmenn troða upp í beinni útsendingu. Meðal þeirra sem koma fram eru Gildran, Centaur, Bjartmar og Magnús Þór, Þorsteinn Gauti Sigurðsson, píanóleikari og Kvartett Stefáns S. Stefánssonar. Á morgun verður einnig spáð í úrslitin frá kl. 10–17.



Michael Caine leikur sálfræðinginn Robert Elliott og Angie Dickinson leikur sjúkling hans.

### Sjónvarp kl. 22.25:

# Banvæn ást

Sá frægi leikstjóri Brian De Palma leikstýrir föstudagsmynd Sjónvarpsins Banvæn ást (Dressed To Kill). Eins og svo oft áður sækir Palma í smiðju meistara Hitchcock og eru mörg atriði í Banvænni ást sem minna óneitanlega á myndir hans.

Aðalpersónurnar eru morðinginn Bobbi sem enginn veit hvernig lítur út, sálfræðingurinn Robert Elliott sem lögreglan heldur að hafi ein- hvern tímann haft hina morðóðu Bobbi sem sjúkling, Kate Miller, sem er í meðferð hjá Elliott. Hún er ung og falleg kona sem á við sálfræðileg vandamál að stríða og vændiskonan Liz Blake sem er eina vitnið sem lögreglan hefur. Ef hún lifir nógu lengi gæti hún þekkt morðingjann. Það veit morðinginn einnig ...

Það er engin lognmolla yfir Banvænni ást og sjónvarpsáhorfendur eiga sjálfsagt erfitt með að rífa sig frá skjánum meðan á sýningu stendur. Aðalhlutverkin leika Michael Caine, Angie Dickinson og Nancy Allen.

-HK